

**Heilbrigðisráðuneyti**  
08 101

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Heilbrigðisráðuneyti**  
**kt. 521218-0530**  
**Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heilbrigðisráðuneyti er ríkisaðili í A-hluta, helstu verkefni þess varða heilbrigðisþjónustu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Þann 01.01.2019 skiptist Velferðaráðuneytið 08-101 í 07-101 Félagsmálaráðuneyti og 08-101 Heilbrigðisráðuneyti. Samanburðartölur er því hvorki sýndar í Yfirliti um afkomu né sjóðstreymi og samanburðartölur í efnahag miðast við stöðu 1/1 2019 eftir skiptingu.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 932,1 milljónir og afkoma kr. 2,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 5,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 108,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heilbrigðisráðuneytis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Heilbrigðisráðuneytis fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Ásta Valdimarsdóttir

Forstöðumaður

(Undirritun rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019
<b>Tekjur</b>		
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	679.700.000
Seld þjónusta .....	3	5.547.816
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	242.639.503
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	<u>4.209.968</u>
<b>Tekjur samtals</b>		<u>932.097.287</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	729.649.128
Annar rekstrarkostnaður .....	6	196.105.384
Afskriftir .....	7	<u>4.209.968</u>
<b>Gjöld samtals</b>		<u>929.964.480</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		2.132.807
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(104.319)</u>
		(104.319)
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>2.028.488</u></u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>	2	
Rekstur .....		1.528.488
Rekstrartilfærslur .....		<u>500.000</u>
		<u>2.028.488</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		15.236.322	14.451.518
Aðrar eignir .....		33.978	43.244
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>15.270.300</u>	<u>14.494.762</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	92.490.171	111.742.602
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		319.928	5.106.391
Handbært fé .....		0	589.841
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>92.810.099</u>	<u>117.438.834</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>108.080.399</u>	<u>131.933.596</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		5.895.690	3.867.202
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>5.895.690</u>	<u>3.867.202</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	995.056	668.910
Viðskiptaskuldir .....		9.548.482	12.150.423
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	83.350.011	104.945.933
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	8.291.160	10.301.128
		<u>102.184.709</u>	<u>128.066.394</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>102.184.709</u>	<u>128.066.394</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>108.080.399</u>	<u>131.933.596</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins .....		2.028.488
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir .....	7	4.209.968
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(4.209.968)
		<u>2.028.488</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		4.786.463
Tengdir aðilar .....		27.884.286
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir .....		(24.197.863)
		<u>8.472.886</u>
		<u>10.501.374</u>
		<u>10.501.374</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(4.985.506)
		<u>(4.985.506)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Tengdir aðilar .....		(8.305.709)
Fjárfestingarframlag .....		2.200.000
		<u>(6.105.709)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		(589.841)
Handbært fé í byrjun árs .....		589.841
		<u>0</u>
		<u>0</u>
		<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Skýringar

2019

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	679.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	4.209.968
	<u>683.909.968</u>

#### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrartilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	679.200.000	500.000	679.700.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>679.200.000</b>	<b>500.000</b>	<b>679.700.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ....	0	0	(677.671.512)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>679.200.000</b>	<b>500.000</b>	<b>2.028.488</b>

2019

### 3 Seld þjónusta

Veitinga- og gistiþjónusta .....	5.547.816
	<u>5.547.816</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild .....	228.528.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	14.111.503
	<u>242.639.503</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	581.694.274
Orlof, breyting .....	4.455.058
Launatengd gjöld .....	131.463.201
Starfsmannakostnaður .....	12.036.595
	<u>729.649.128</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	53,4
------------------------------	------

## Skýringar

	<b>2019</b>
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>	
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.893.064
Byggingarvörur, almennar .....	243.040
Ýmis tæki og áhöld .....	1.857.383
Orkugjafar .....	3.610.429
Matvæli .....	17.361.842
Ýmsar sérgreindar vörur .....	101.000
Almennar rekstrarvörur .....	1.178.835
Vörukaup, almenn	26.245.593
Fundir, námskeið, risna .....	2.950.066
Ferðir, uppihald .....	10.181.600
Endurgreiðsla kostnaðar, ferðakostnaður ofl. ....	(768.496)
Akstur .....	2.761.786
Sérfræðiþjónusta .....	16.273.255
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	171.562
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	6.709.332
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	4.288.171
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	42.567.276
Samningsbundin kaup og leiga .....	3.862.538
Afnotagjöld .....	8.482.322
Leigugjöld .....	77.733.696
Notkun véla og flutningatækja .....	2.311.662
Verkkaup .....	11.849.128
Kostnaðarhlutdeild .....	23.007.036
Tryggingar, lögboðnar .....	41.325
Opinber gjöld .....	4.808
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	127.292.515
Annar rekstrarkostnaður samtals	196.105.384
	<b>2019</b>
<b>7 Afskriftir</b>	
Áhöld, tæki og búnaður .....	4.200.702
Aðrar eignir .....	9.266
	4.209.968

## Skýringar

	31.12.2019	1.1.2019
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	15.236.322	14.451.518
Aðrar eignir .....	33.978	43.244
	15.270.300	14.494.762

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	50.489.284	92.660	50.581.944
Viðbætur á árinu .....	4.985.506	0	4.985.506
	55.474.790	92.660	55.567.450
Afskriftir 1.1.2019 .....	36.037.766	49.416	36.087.182
Afskrift ársins .....	4.200.702	9.266	4.209.968
	40.238.468	58.682	40.297.150
Staða 31.12.2019 .....	15.236.322	33.978	15.270.300
	<b>31.12.2019</b>		<b>1.1.2019</b>

## 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	90.705.168	109.941.926
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	1.785.003	1.800.676
	92.490.171	111.742.602

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	995.056	668.910
	995.056	668.910

## 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	1.1.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	3.867.202	(6.779.749)
Afkoma ársins .....	2.028.488	10.646.951
Jöfnuður 31.12. ....	5.895.690	3.867.202

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 0,0 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

	31.12.2019	1.1.2019
<b>11 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	79.303.311	104.945.933
Ógreidd laun .....	3.444.647	0
Önnur ógreidd gjöld .....	602.053	0
	83.350.011	104.945.933

## Skýringar

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	1.1.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	15.270.300	14.494.762
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(6.979.140)	(4.193.634)
	<u>8.291.160</u>	<u>10.301.128</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	25.585.977	(4.193.634)	21.392.343
Flutt á 07-101 .....	(11.091.215)		(11.091.215)
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	2.200.000	2.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	4.985.506	(4.985.506)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(4.209.968)	0	(4.209.968)
	<u>15.270.300</u>	<u>(6.979.140)</u>	<u>8.291.160</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 3,8 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

### 13 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2023. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 76,5 milljónum. Húsaleiga er fyrir 08-101 Heilbrigðisráðuneyti og 07-101 Félagsmálaráðuneyti.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.